Jafnframt er stjórn Íbúðalánasjóðs heimilt að synja framkvæmdaraðila um frekari lánveitingu þar til úr hefur verið bætt.

Áður en úrræðum skv. 1. mgr. er beitt skal stjórn Íbúðalánasjóðs beina tilmælum til framkvæmdaraðila um úrbætur.

X. KAFLI
Meðferð ágreiningsmála.

33. gr.

Telji framkvæmdaraðili á rétt sinn hallað af hálfu Íbúðalánasjóðs við framkvæmd laga um húsnæðismál eða reglugerðar þessarar getur hann skotið viðkomandi ákvörðun eða afgreiðslu til kærunefndar húsnæðismála.

XI. KAFLI
Gildistaka.

34. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með heimild í 1. mgr. 34. gr., 3. mgr. 35. gr., 1. og 3. mgr. 37. gr., 5. mgr. 38. gr., 39. gr. og 50. gr. laga um húsnæðismál, öðlast þegar gildi.

Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 423/1999 um lánveitingar til leiguíbúða, ráðstöfun þeirra og rekstur.

Félagsmálaráðuneytinu, 7. nóvember 2001.

Páll Pétursson.

Guðfinna Jóh. Guðmundsdóttir.

Nr. 874 20. nóvember 2001

GJALDSKRÁ

fyrir úttektir og vottorð byggingarfulltrúans í Reykjavík.

1. gr.

Fyrir úttektir, vottorð og íbúðarskoðanir sem gerð eru vegna nýbygginga, viðbygginga og breytinga á eldri byggingum í Reykjavík, skal byggingarfulltrúinn í Reykjavík í umboði borgarstjórnar innheimta úttekta-, vottorða- og skoðunargjöld samkvæmt gjaldskrá þessari.

2. gr.

Vegna áfangaúttekta, sbr. 48. gr., stöðuúttekta, sbr. 55. gr., lokaúttekta, sbr. 53. gr., meistaraskipta, sbr. 47. gr., og byggingarstjóraskipta, sbr. 36. gr. byggingarreglugerðar nr. 441/1998, skal byggingarfulltrúi innheimta úttektargjöld sem hér segir:

A) Fyrir hverja einstaka úttekt sbr. 48. gr.	kr.	4.500.
B) Fyrir stöðuúttekt sbr. 55. gr.	kr.	9.000.
C) Fyrir lokaúttekt sbr. 53. gr.	kr.	9.000.
D) Fyrir úttekt vegna meistaraskipta	kr.	4.500.
E) Fyrir úttekt vegna byggingarstjóraskipta	kr.	9.000.

3. gr.

Byggingarfulltrúi áætlar fjölda áfangaúttekta samkvæmt 2. gr. A-lið áður en byggingarleyfi er gefið út.

4. gr.

Vegna útgáfu vottorða um fokheldisstig, verkstöðu og lokaúttekt skal byggingarfulltrúi innheimta vottorðagjöld sem hér segir:

A) Fokheldisvottorð	kr. 14.000.
B) Vottorð um stöðuúttekt	kr. 5.000.
C) Lokaúttektarvottorð	kr. 5.000.

5. gr.

Vegna skoðunarskýrslu byggingarfulltrúa á áður gerðum íbúðum skal byggingarfulltrúi innheimta skoðunargjald sem hér segir:

Fyrir hverja skoðun kr. 7.000.

6. gr.

Byggingarfulltrúi annast innheimtu allra gjalda samkvæmt gjaldskrá þessari.

Gjöld samkvæmt gjaldskránni má innheimta með fjárnámi, sbr. 3. mgr. 55. gr. skipulags- og byggingarlaga.

7. gr.

Gjalddagi úttektargjalda áfangaúttekta er fyrir útgáfu byggingarleyfis.

Gjalddagi gjalda, sbr. 2. gr., liðir B), C), D), E), er samhliða beiðni um úttekt.

Gjalddagi vottorða er fyrir afhendingu þeirra.

Gjalddagi skoðunargjalds er samhliða beiðni um skoðun.

8. gr.

Gjöld vegna áfangaúttekta skal endurgreiða komi ekki til verkframkvæmdar á gildistíma byggingarleyfis.

9. gr.

Virðisaukaskattur leggst ekki á gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari.

10. gr.

Gjöld samkvæmt 2., 4. og 5. gr. skulu miðast við launavísitölu 1. janúar ár hvert.

Miða skal við grunn í október 2001, grunntala 4678.

Við framreikning skal gjaldaupphæð námunduð, samkvæmt almennri reiknireglu í slétt hundrað króna.

11. gr.

Innheimt úttekta-, vottorða- og skoðunargjöld samkvæmt gjaldskrá þessari skulu renna til greiðslu kostnaðar við úttektir, vottorðagjöf og skoðanir unnar af starfsmönnum byggingarfulltrúa.

12. gr.

Gjaldskrá þessi sem samþykkt var í borgarstjórn Reykjavíkur þann 15. nóvember 2001 með heimild í 53. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, með síðari breytingum, sbr. einnig 27. gr. byggingarreglugerðar nr. 441/1998, tekur gildi þann 1. desember 2001.

Reykjavík, 20. nóvember 2001.

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir borgarstjóri.